

Alþingi
Erindi nr. P 127/1026
komudagur 6. 3. 2002



Alþingi Íslendinga
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 560 9100, Bréfsími 552 4804
netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: <http://www.stjr.is/fel>

Reykjavík, 4. mars 2002


Tilvísun: FEL02030005/0005/GB/--


Ráðuneytið vísar til erindis umhverfisnefndar Alþingis frá 27. febrúar 2002, þar sem óskað er umsagnar ráðuneytisins um frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, 492. mál, heildarlög.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu veitti ráðuneytið umsögn um drög að frumvarpi sama efnis sem samin voru af nefnd sem umhverfisráðherra skipaði. Þar var gerð athugasemd við tvö atriði, þ.e. að ekki væri ljóst hvaða aðili skipaði svæðisráð vegna bráðamengunar og ákvæði er laut að stjórnsýslumeðferð einstakra mála.

Telur ráðuneytið að í frumvarpi því sem nú liggur fyrir sé fullt tillit tekið til áður nefndra athugasemda. Þá telur ráðuneytið að aðrar breytingar sem orðið hafa á frumvarpinu séu mjög til bóta og telur ekki ástæðu til að gera tillögur um breytingar.

F. h. r.


Berglind Ásgeirsdóttir


Guðjón Bragason